

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur 5-2014

Tími: Fimmtudagur 11. september 2014, kl. 10:00, Fundarsalur Akur Ásgarði Hvanneyri.

Mætt: Björn Þorsteinsson rektor formaður, Helena Guttormsdóttir, Sigríður Hallgrímsdóttir (í síma frá kl. 10:30), Hilmar Janusson (í fjarfundi), Bjarni Stefánsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir og Sigríður Embla Heiðmarsdóttir.

1. Ráðning nýs rektors

Kynnt var starf undirbúningshóps sbr. fundargerð 4-2014 um ráðningu nýs rektors. Samþykkt var tillaga undirbúningshópsins um skipan valnefndar með þeim Ásgeiri Jónssyni hagfræðingi formanni, Guðfinnu Bjarnadóttur, stjórnunarfræðingi og Torfa Jóhannessyni búvísindamanni.

Rætt var um regluramma ferlisins og var rektor falið að undirbúa frekari útfærslu þeirra í samráði við Jón Vilberg lögfræðing Mennta og menningamálaráðuneytisins. Reglurnar yrðu síðan sendar til háskólaráðsins til skoðunar og umsagnar og samþykktar með tölvupósti. Samtímis yrði valnefnd virkjuð og undirbúin auglýsing. Í kjölfarið yrði kallaður til sameiginlegur fundur valnefndar og háskólaráðs þar sem gæfist möguleiki á samræðu um nánari útfærslu og skýringar.

2. Önnur mál.

Rektor rakti stöðu undirbúnings samdráttaraðgerða LbhÍ til að mæta niðurskurðarkröfu fjárlaga og endurgreiðslu skulda við ríkissjóð. Bent var á tölur í nýframlögðu frumvarpi til fjárlaga þar sem hagræðingarkrafa á framlag menntamálaráðuneytisins er 7,8 m.kr og hagræðingarkrafa á framlag Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytisins er óvænt 18 m.kr auk endurgreiðslu skuldar við ríkissjóð yrði væntanlega (formlega óstaðfest) um 35 m.kr. Samanlagt gerir þetta rúmlega 60 m.kr. Augljóst er að það verður verulega íþyggjandi að rísa undir þessum kröfum en frá áramótum 2014-2015 mun starfsmönnum hafa fækkað um 17 á rúmu ári þ.e. frá 1. desember 2013 vegna niðurlagningar starfa eða uppsagna starfsmanna.

Rætt var um möguleika háskólaráðsins til að tala máli skólans út á við og nauðsyn þess að taka upp samræðu við Atvinnuvega og nýsköpunarráðherra um hagræðingakröfur þess ráðuneytis. Rektor mun rita ráðherra bréf og skýra málið og óska eftir fundi.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar hefur óskað eftir fundi með rektor og háskólaráði til að fá upplýsingar um alvarlega stöðu skólans. Rektor var falið að bjóða sveitarstjórninni til upplýsingafundar með yfirstjórn skólans við fyrstu hentugleika.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:45